



Reykjavík, 11.september 2025
PON25030001

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja verkefnið Framþróun og fjölbreytni á reykjavík.is

Á fundi stafræns ráðs þann 10. september 2025 var lögð fram heimildarbeiðni, dags. 4. júní 2025, um að hefja að hefja verkefnið Framþróun og fjölbreytni á reykjavík.is ásamt fylgigögnum sbr. 4. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Lagt var til að stafrænt ráð samþykki verkefnið og að það sé skilgreint í fyrsta forgangi. Tillagan var samþykkt í fyrsta forgangi og vísað til meðferðar borgarráðs.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík, 4. júní 2025
PON25030001

Efni: Heimild til að hefja verkefnið Framþróun og fjölbreytni á reykjavik.is

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja verkefnið Framþróun og fjölbreytni á reykjavik.is. Verkefnið miðar að því að þróa reykjavik.is áfram með því að bæta við nýjum einingum og virkni sem styðja við lifandi og fjölbreytt mannlífsefni á vefnum. Unnið hefur verið að endurbótum og samræmingu á hönnunarkerfi vefjarins, ásamt mótun samræmds útlits og notendaupplifunar fyrir ólíkar víddir hans. Til stendur að innleiða þá hönnun sem var unnin og mótuð á síðasta ári.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 1265 Stafræn Reykjavík og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá júní 2025 – desember 2025 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 22 m.kr., sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Rekstrarkostnaður mun falla inn í rekstrarkostnað Reykjavik.is og tengdra vefsvæða. Af heildarkostnaði er áætlað að 9,7 m.kr. verði aðkeypt sérfræðiþjónusta sem keypt er inn á grundvelli samanburðar og gildandi þjónustusamnings en heildarupphæð samnings er undir útboðsmörkum.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Frumkostnaðaráætlun/umfangsmat

Reykjavík, (13.06.2025)

Verkefnaráðsfundur: 20.02.2025

Frampróun og fjölbreytni á reykjavik.is

Samantekt:

Markmiðið verkefnisins er að færa Reykjavik.is á næsta stig með því að bæta við einingum og virkni fyrir lifandi mannlífsefni. Nú þegar hefur verið skerpt á hönnunarkerfinu og á ólíku útlit og upplifun mismunandi vídda vefsins, en nú er komið að því að hrinda hönnunurvinnunni sem unnin var í fyrra í framkvæmd. Reykjavik.is er í sífelldri þróun. Ýmsar viðbætur hafa verið gerðar á vefnum í síðan hann fór í loftið enda þarf vefur eins og reykjavik.is að vera í stöðugri þróun ef hann á að ná að sinna hlutverki sínu. Í nokkurn tíma hefur legið fyrir einlægur vilji samskiptateymis að halda úti mannlífsvídd sem sýnir á á lifandi hátt allt það sem Reykjavík hefur upp á að bjóða fyrir fólkið í borginni, og einnig hefur bæst við ósk frá menningar- og íþróttasviði um að upplýsingar um þeirra þjónustur verði skoðaðar og settar fram á meira lifandi hátt.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 22 m. kr.

Áætlun á tímalengd verkefnis: 7-8 mánuðir

Skor í Fylki frá verkefnaráði ÞON: 3,33

Ábati 33%: 3

Helsti ábati verkefnisins er að allt mannlífs framboð borgarinnar er á einum stað.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 3

Verkefnið einfaldar rekstarumhverfi með fækkun vefsíðna.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 4

Hefur mjög jákvæð áhrif á stóran hóp íbúa Reykjavíkurborgar.

Lagalegar kröfur – Nei

Lagaleg krafa er ekki til staðar.

Virðingarfyllst,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Reykjavík, 4. júní 2025
PON25030001

Greinargerð:

Stöðug þróun á vefnum reykjavik.is er nauðsynleg til að hann geti sinnt sínu hlutverki sem aðgengilegur og notendavænn upplýsinga- og þjónustuvefur fyrir borgarbúa. Frá því að vefurinn fór í loftið hafa verið unnar fjölmargar viðbætur og umbætur til að mæta þörfum notenda og styðja við þjónustu borgarinnar. Í nokkurn tíma hefur verið skýr vilji innan samskiptateymis Reykjavíkurborgar til að þróa svokallaða mannlífsvídd á vefnum, svæði sem sýnir lifandi og fjölbreytt mannlíf í borginni á aðgengilegan og sjónrænan hátt. Einnig hefur komið fram ósk frá menningar- og íþróttasviði um að efni og upplýsingar um þeirra þjónustu verði sett fram á líflegri og aðgengilegri hátt en áður.

Árið 2024 var farið í markvissa vinnu við að styrkja og skerpa hönnunarkerfi reykjavik.is. Þar var unnið að samræmingu útlits, heildarsýn á upplifun notenda, þróun nýrra eininga og endurbótum á núverandi lausnum. Mikil áhersla var lögð á að hanna viðmót fyrir efni sem áður hafði verið að finna á vefnum „Borgin okkar“, svo sem upplýsingar um hátíðir, menningarviðburði og útivistarsvæði. Undir þessa mannlífsvídd fellur einnig efni tengt söfnum, sundlaugum og öðrum svokölluðum sérvefum, s.s. Nauthólsvík og tengdum svæðum.

Nú stendur til að færa þá hönnunarvinnu sem fór fram á síðasta ári yfir í útfærslu og virkni. Þetta felur í sér forritun nýrra eininga og viðbótavirkni, ásamt efnisvinnslu og uppsetningu á vefnum sjálfum. Til að tryggja gæði og samræmi verður unnið í nánú samráði við hagsmunaaðila, þar sem efni verður yfirfarið, umbótatillögur forgangsraðaðar og þróunarverkefni skipulögð í takt við þá stefnu og hönnunarsýn sem þegar liggur fyrir.

Samhliða þessari þróunarvinnu er mikilvægt að tryggja að sú yfirsýn og það verklag sem mótaðist við vinnu hönnunarkerfisins skili sér inn í kerfið á markvissan og skipulegan hátt. Öll hönnunarvinna sem þegar hefur farið fram þarf að verða hluti af hönnunarkerfinu samkvæmt skilgreindum verklagsreglum, þannig að einingar séu tilbúnar til forritunar og styðji áframhaldandi þróun á samræmdum grunni.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 22 m.kr.

Kostnaðarstaður: 1265 Stafræn Reykjavík. Verkefnaklassi: 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Verkeiðnanúmer: 264559.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Próstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur



Reykjavík



Frampróun og fjölbreytni á reykjavik.is

Eigandi: Hreinn Valgerðar Hreinsson, (ÞON)

Þarfagreining

- Bæta þarf framsetningu ljósmynda og auka notkun á þeim í mannlífi og á viðburða og hátíðasíðum.
- Öll myndbönd eru af Youtube eða Vimeo og eru birt í iframe.
- Samskiptateymi með eindregna ósk um breytingar.
- Ósk frá MÍR um að geta sett fram þjónustur á lifandi og aðlaðandi hátt

Áskorun

- Í fyrra var farið í verkefni þar sem farið var í vinnu við að móta og hanna uppfært útlit og nýjar einingar fyrir mannlífsvídd á vefnum. Nú er komið að því að forgangsraða nýrri hönnun og virkni, forrita einingar og setja upp efni í samstarfi við efniseigendur.

Markmið

- Markmiðið verkefnisins er að færa Reykjavik.is á næsta stig með því að bæta við einingum fyrir lifandi mannlífsefni.
- Skemmtilega framsett efni sem dregur fram allt það sem borgin hefur upp á að bjóða mun skila sér í betri upplýsingagjöf til fólksins í borginni um allt það sem þar er í gangi.
- Hægt verður að mæla umferð og hegðun á vef.

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Betri ásýnd fyrir borgarbúa
- Betra aðgengi að upplýsingum
- Nýbirting upplýsinga, efni sem hefur hingað til ekki verið til á vef.
- Auglýsing sem stuðlar að betri nýtingu á menningar- og íþróttahúsnæði borgarinnar

Tímalína

Júní 2025 – desember 2025

Kostnaður

Heildarkostnaður 22 m. kr.
Eignasjóður 22 m. kr.
Rekstarkostnaður mun falla inn í rekstarkostnað Reykjavik.is og tengdra vefsvæða.

Verkefnastjóri: Ásgrímur Sigurðsson

Verkefnateymi: Hreinn Hreinsson, Gísli Guðmundsson, Tryggvi Ólafsson,

Guttormur Ársællsson

Stafrænn leiðtogi: Búi B. Aðalsteinsson




Frampróun og fjölbreytni á reykjavik.is

Þróun efniseininga til að mæta ólíkum þörfum um
framsetningu efnis á vef

Guðrún Jóhannsdóttir

Hreinn Valgerðar Hreinsson


20.febrúar 2025





Í hnotskurn


- Markmið verkefnisins er að færa **Reykjavik.is** á næsta stig með því að bæta við einungum og virkni fyrir lifandi mannlífsefni. Við höfum þegar skerpt á hönnunarkerfinu og á ólíku útliti og upplifun mismunandi vídda vefsins, en nú er komið að því að hrinda hönnunarvinnunni sem unnin var í fyrra í framkvæmd.
- Verkefnið felst í því að forrita nýjar einingar og virkni, fyrir mannlífshluta vefsins, fara yfir efni á rvk.is og sjálfstæðum vefjum og laga að nýrri framsetningu ásamt því að tryggja að umbætur sem gerðar hafa verið á hönnunarkerfi skili sér inn í hönnunarkerfið sjálft með tilheyrandi leikreglum.
- Verkefnið styður við framtíðarsýn Reykjavik.is sem lifandi, upplýsandi og notendavænan borgarvef.





Ákvörðun verkefnaráðs

- Óska eftir fjármögnun uppá 22 mkr.
- Óska eftir 25% hönnuði í 7 mánuði, vefsérfræðingi í 33%-50% í 7 mánuði og verkefnastjóra úr vefteymi í 33%-50% í 8 mánuði





Áskorun

Tryggja frampróun reykjavik.is og svara óskum um aukið efni um mannlífið í borginni.

Núverandi staða

- Einingar á vef mæta þörfum á framsetningu efnis um þjónustu og stjórnsýslu en síður um mannlíf.
- Bæta þarf framsetningu ljósmynda og auka notkun á þeim í mannlífi og á viðburða og hátíðasíðum.
- Öll myndbönd eru af Youtube eða Vimeo og eru birt í iframe.
- Samskiptateymi með eindregna ósk um breytingar.
- Ósk frá MÍR um að geta sett fram þjónustur á lifandi og aðlaðandi hátt

Lausn


- Smíða einingar til að setja fram efni um afþreyingu í borginni á fjölbreyttan og lifandi hátt
- Smíða virkni fyrir fjölbreyttari nálgarnir að efni um það sem er í gangi í hverju sinni.

Ábati

- Reykjavík.is getur sett fram efni sem dregur fram fjölbreytta þjónustu borgarinnar og í takt við þarfir notanda
- Lifandi efni bætir ásýnd og ímynd borgarinnar og bætir notendaupplifun
- Vinna sem hefur verið fjárfest í skilar sér í hönnunarkerfið og á aðrar veflausnir
- Getum fækkað sjálfstæðum vefjum



- Áskorunarrámmi
- Vinnustofur með samskiptateymi
- Samtal við hagaðila
- Hönnun á mannlífseiningum
- Greina þörf fyrir forritun vegna breytinga á vefeiningum og smíði nýrra.






Tímalína

- Heildartími verkefnisins er 8 mánuðir


Tímalína





Umfangsmat

- Kostnaður verkefnis er 22 m.kr og tími er áætlaður 7- 8 mán



Kostnaður innanhúss

Innifalið:

- Verkefnastjóri 5.625.000 kr
- Vefsérfræðingur 3.975.000 kr
- Hönnuður 2.625.000 kr

Ekki innifalið:

- Þjónustuhönnuðir til að aðstoða með vinnustofur og notendaprófanir
- Textafólk inn í efnisvinnslu

Teymi samanstendur af 3 stöðugildum í 25%-50% vinnu í 7 mánuði

Kostnaður utanhúss

Utanhússkostnaður

- Forritun framendi/bakendi 9.700.000 kr



Ábatamat



Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 1 ára tímabil

Mælanlegur ábati

- Umhverfisáhrif já (minnkuð losun)
- Tímasparnaður já (minna vefráp fleiri gæðastundir)
- Kostar minna já – (1.000.000 á ári)
- Samrekstur Já – fækkum sérvefum

Samtals:

- Sparnaður í CO2 og tíma borgarbúa
- 1 stöðugildi

Kostnaður

- 22 m.kr í þróunar og viðhaldskostnað fyrstu 1 árin greitt af fjárfestingu

Ómælanlegur ábati

- Komið til móts við þarfir og kröfur sviða
- Bætt stafræn ásýnd
- Ánægja borgarbúa
- Jákvæðari ímynd borgarinnar
- Styður þjónustustefnu borgarinnar

Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða

- Er hagkvæmt að fara í verkefnið?

Já í stað þess að uppfæra margar vefsíður er allt mannlífs framboð borgarinnar á einum stað

Minni líkur á misvísandi upplýsingum

Sparnaður í kringum 1-3 milljónir á ári (starfsmaður, viðhald vefsvæða, aksturs og tímasparnaður)





Næstu skref


- Frekari forgangsröðun
- Uppsetning hönnunar í hönnunarkerfi
- Byrja forritun á því sem er tilbúið
- Vinnustofur með MÍR





Ákvörðun verkefnaráðs

- Óska eftir fjármögnun uppá 22 mkr.
- Óska eftir 25% hönnuði í 7 mánuði, vefsérfræðingi í 33%-50% í 7 mánuði og verkefnastjóra úr vefteymi í 33%-50% í 8 mánuði





Reykjavík



Ítarlegri útlistun á auðlindum



- Ítarleg útlistun starfsfólks sem er á fjárfestingu.

Skipting mannauðs sem er á fjárfestingu niður á mánuði

Starfsfólk/Manuðir:	1	2	3	4	5	6	7	8
Verkefnastjóri	25%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	50%
Efnissérfræðingur		50%	50%	33%	33%	33%	33%	33%
Hönnuður		25%	25%	25%	25%	25%	25%	25%



									Samtals
Mánuðir:	1	2	3	4	5	6	7	8	
Launakostnaður starfsfólks á fjárfestingu	375.000	1.875.000	1.875.000	1.620.000	1.620.000	1.620.000	1.620.000	1.620.000	12.225.000 kr
Aðkeypt sérfræðipjónusta	950.000	1.250.000	1.500.000	1.250.000	1.250.000	1.250.000	1.250.000	1.000.000	9.700.000 kr.
									.
Samtals									21.925.000 kr.



Mælanlegur ábati verkefnis


Matsliður	Núllstaða	Breyting	Ábati	Ath
Dregur úr akstri	Hvað er ekið mikið núna (fjöldi KM)	Hvað verður ekið mikið eftir breytingu (fjöldi KM)	Hvað sparast mikill akstur vegna verkefnis	Hér má gera grein fyrir öðrum mælanlegum umhverfisáhrifum sem verkefnið kann að hafa í för með sér.
Sparar tíma, starfsfólk	Hversu mikill tími fer í verkefni (klst/starfshlutfall)	Hversu mikill tími fer í verkefni eftir breytingu (klst/starfshlutfall)	Hvað sparast mikill tími	Hægt að gera mælingar á stökum verkefnum og margfalda
Sparar tíma, borgarbúa	30	Hversu mikill tími fer í verkefni eftir breytingu (klst/starfshlutfall)	Hvað sparast mikill tími	
Fækkar kærum	Fjöldi kærumála, lagalegur ágreiningur	Áætlaður fjöldi mála eftir breytingu	Hversu mikið mun málum fækka	
Kostar minna	Kostnaður núna	Kostnaður eftur breytingu	Hvað sparast mikið	Hér er miðað við annan kostnað en starfsmannakostnað, það getur verið aðföng eða gjöld fyrir hugbúnað
Möguleiki á samrekstri	Erum við að samreka núna	Mögulegt fjármagn sem fengist af samrekstri eða hlutfall	Hvað er hægt að samreka mikið	Á við þegar fleiri samstarfsverkefni þvert á sveitafélög/stofnanir fara af stað.

- Útreikningar ættu að vera á ársgrundvelli ef það er hægt
- Eðlilegt að ekki sé hægt að áætla stöðu eftir breytingu, mikilvægast að gera grein fyrir núllstöðu í upphafi
- Svara þeim matsliðum sem eiga við, sum verkefni passa ekki í neinn lið. Þarf ekki að útskýra hér
- Ekki svara með texta bara tölur, ef þær eru ekki til eða óaðgengilegar þá er það bara þannig
- Halda utan um forsendur útreikninga, mælingar og annað í öðru skjali og skila með
- Ábatamat á að byggja á auðsækjanlegum upplýsingum eða einföldum mælingum sem eru uppreiknaðar



Umfangsmat

- Kostnaður verkefnis er 22 m.kr og tími er áætlaður 7- 8 mán



Kostnaður innanhúss

Innifalið:

- Verkefnastjóri 5.625.000 kr
- Vefsérfræðingur 3.975.000 kr
- Hönnuður 2.625.000 kr

Ekki innifalið:

- Þjónustuhönnuðir til að aðstoða með vinnustofur og notendaprófanir
- Textafólk inn í efnisvinnslu

Teymi samanstendur af 3 stöðugildum í 25%-50% vinnu í 7 mánuði

Kostnaður utanhúss

Utanhússkostnaður

- Forritun framendi/bakendi 9.700.000 kr